

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 10. júní 2011 í máli nr. E-5611/2010:

Skarphéðinn Berg Steinarsson

(Þórður Bogason hrl.)

gegn

Íslenska ríkinu

Tollstjóra og

Skattrannsóknarstjóra ríkisins.

(Soffía Jónsdóttir hdl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 16. maí 2011, er höfðað 17. september 2010.

Stefnandi er Skarphéðinn Berg Steinarsson, Melhaga 1, Reykjavík.

Stefndu eru fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins, Tollstjóri, Tryggvagötu 19, Reykjavík, og Skattrannsóknarstjóri ríkisins, Borgartúni 7, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda

Stefnandi gerir þær kröfur aðallega að stefndu verði allir, in solidum, dæmdir til að greiða stefnanda:

1. Skaðabætur að fjárhæð 5.000.000 króna, eða lægri fjárhæð að mati dómsins, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, frá 30. apríl 2010 til greiðsludags.
2. Miskabætur að fjárhæð 5.000.000 króna, eða lægri fjárhæð að mati dómsins, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, frá 30. apríl 2010 til greiðsludags.

3. Málskostnað að skaðlausu samkvæmt mati dómsins eða síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að teknu tilliti til virðisaukaskatts samkvæmt lögum nr. 50/1988.

Til vara gerir stefnandi sömu dómkröfur og gerðar eru í aðalkröfu, sbr. lið 1-3 hér að framan, in soldium á hendur stefndu íslenska ríkinu og Tollstjóra.

Dómkröfur stefnda

Stefndu krefjast aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefndu málskostnað að mati réttarins.

Til vara er þess krafist að kröfur stefnanda verði lækkaðar verulega og að málskostnaður verði felldur niður.

Málavextir

Stefnandi kveðst hafa verið stjórnarformaður FL Group hf., nú Stoða hf., frá því síðla árs 2005 til 8. júní 2007 og gengið endanlega úr stjórn félagsins í desember 2007. Á þeim tíma sem hann var stjórnarformaður FLG hafi verið um stórfyrirtæki að ræða sem velti tugum milljarða króna á ári. Stefnandi kveðst ekki hafa komið að daglegum rekstri FLG, t.d. hafi hann ekki verið starfandi stjórnarformaður eins og það sé nefnt. Stefnandi telur engin rök til að ætla annað en hann hafi fullkomlega sinnt sinni rannsóknar- og eftirlitsskyldu í störfum fyrir FLG. Félagið hafi haft í þjónustu sinni færustu sérfræðinga á sviði fjármála, uppgjors og skattskila sem vöð var á og hafi ráðið KPMG endurskoðunarfyrirtækið til að annast endurskoðun.

Með bréfi Skattrannsóknarstjóra ríkisins, dags. 10. júní 2009, var stefnandi boðaður til skýrslugjafar hjá embættinu. Í bréfinu kom fram að hann hefði réttarstöðu grunaðs manns við skýrslutökuna. Hinn 22. júní 2009 mætti stefnandi ásamt lögmanni sínum til skýrslutökunnar. Tílefni hennar var rannsókn á bókhaldi og skattskilum FL Group hf., nú Stoða hf., vegna rekstartímabilsins janúar 2005 til og með desember 2007. Var stefndi upplýstur um að hann hefði stöðu sakbornings við skýrslutökuna. Stefnanda var kynnt sakarefni, sem væri ætluð brot gegn lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, lögum

nr. 145/1994, um bókhald og lögum nr. 3/2006, um ársreikninga. Ætluð brot voru talin felast í því að skilað hefði verið röngum skattframtölum, ársreikningum og staðgreiðsluskilagreinum vegna rekstrar FL Group hf. Ætluð brot voru einnig talin felast í því að hafa oftalið rekstrargjöld og vanrækt að gera grein að fullu fyrir hlunnindum og persónulegum úttektum starfsmanna og halda eftir staðgreiðslu af þeim. Framangreind brot vörðuð rekstrarárin 2005 til og með 2007. Þá voru ætluð brot einnig talin felast í því að vanrækt hefði verið að standa skil á eyðublaði RSK nr. 10.24, sem er skýrsla um virðisaukaskattskyld kaup á þjónustu frá útlöndum, vegna allra uppgjörstímabila rekstraráranna 2006 og 2007 og standa skil á virðisaukaskatti vegna hennar.

Í þessu sambandi kveður stefnandi mikilvægt að líta til þess að það sé félagið sem sé sá skattaðili sem rannsóknin beinist að en að hún beinist ekki að persónulegum skattskilum stefnanda. Þá sé einnig vert að hafa í huga að félagið sé gjaldfært og hafi sett tryggingar fyrir hugsanlegum vangreiddum sköttum.

Stefnandi var kallaður í yfirheyrslu hjá stefnda, Skattrannsóknarstjóra ríkisins, hinn 22. júní 2009. Stefnandi kveður þá yfirheyrslu ekki hafa gefið honum ástæðu til að ætla að hann hefði með störfum sínum sem stjórnarformaður FLG gerst sekur um að hafa með ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi brotið gegn ákvæðum skattalaga, öðru nær. Það hafi því komið stefnanda í opna skjöldu þegar fjölmiðlar hafi birt fréttir af því hinn síðasta vetrardag, 21. apríl 2010, að til stæði að kyrrsetja eignir hans sökum gruns um stórfelld skattalagabrot. Í símtali sem stefnandi hafi átt við Skattrannsóknarstjóra ríkisins, að morgni 23. apríl sl., hafi sá síðarnefndi viðurkennt að leki til fjölmiðla stafaði frá embætti hans og sá leki yrði rannsakaður, sbr. dskj. 6. Leki þessi til fjölmiðla sé refsing fyrir brot sem engin sönnun liggja fyrir um að hafi verið framið og virðist brotið helst rakið til almennrar þátttöku stefnanda í íslensku atvinnulífi. Þetta atvik, eitt og sér, hafi valdið stefnanda miklu tjóni og miska.

Í ljósi fréttu fjölmiðla hafi stefnandi gert tilraun til að vekja athygli stefndu, Skattrannsóknarstjóra ríkisins og Tollstjóra, á því að ekki væru lagaskilyrði til þess að beina kyrrsetningarbeiðni að honum. Hafi hann sent embættunum bréf hinn 25. apríl sl. til að skýra sjónarmið sín en án árangurs. Ekki hafi verið haft samband við hann né gerð nein könnun á því hverjar hans eigur væru eða aðstæður hans að öðru leyti.

Með kyrrsetningarbeiðni, dags. 27. apríl 2010, setti stefndi, Tollstjóri, fram kröfu um kyrrsetningu á eignum stefnanda á grundvelli 6. og 7. mgr. 113. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt, sbr. ákvæði laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o.fl. Í beiðninni kemur fram að Skattrannsóknarstjóri taldi rökstuddan grun vera fyrir hendi um að stefnandi hefði gerst sekur um refsiverða háttsemi samkvæmt 1. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, sbr. og 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ætluð brot voru talin felast í því að staðin hefðu verið skil á efnislega röngum virðisaukaskattskýrslum, fyrir hönd skattaðila, með því að vanframtelja virðisaukaskatt af aðkeyptri þjónustu erlendis frá. Taldi Skattrannsóknarstjóri ríkisins að refsing stefnanda yrði að lágmarki 90.000.000 króna. Þá segir að reynsla skattyfirvalda hafi leitt í ljós að við rannsókn mála af þessu tagi sé veruleg hætt á að eignum skattaðila verði skotið undan, þær glattist eða rýrni að mun.

Kyrrsetningargerðin fór fram 30. apríl 2010 að kröfu stefnda Tollstjóra. Stefnandi kveðst hafa mótmælt gerðinni í ítarlegri greinargerð sinni. Stefnandi kveður kyrrsetninguna hafi verið árangurslaus að hluta og hefði hún því getað orðið grundvöllur gjaldþrotaskipta. Stefnandi kveðst vera viðskiptafræðingur frá HÍ með framhaldsnám í stefnumótun og stjórnun fyrirtækja frá Bandaríkjunum. Honum sé því sérstaklega mikilvægt að hafa forræði á búi sínu þar sem þau störf sem hann hafi haft á hendi, og sinni enn, geri kröfu til þess að hann hafi forræði á búi sínu.

Með beiðni til Héraðsdóms Reykjavíkur hinn 4. maí 2010 var gerð krafa af hálfu stefnanda um að kyrrsetningargerðin yrði felld úr gildi. Með úrskurði sínum 2. júní 2010 féllst Héraðsdómur á kröfu stefnanda þar sem í lögum væri ekki að finna heimild til kyrrsetningar vegna meintrar refsiverðrar háttsemi samkvæmt 1. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt og hafi því skort lagaskilyrði fyrir því að hin umdeilda gerð færi fram. Með dómi Hæstaréttar hinn 21. júní 2010 var þessi úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur staðfestur.

Kyrrsetningunni var aflýst úr veðmálabókum þann 22. júní 2010. Þann 24. júní 2010 var kyrrsetningargerðin endurupptekin og öll réttindi samkvæmt henni felld niður. Málskostnaður, samtals að fjárhæð 500.000 krónur, sem stefndi var dæmdur til að greiða stefnanda með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur og Hæstaréttar, var greiddur 2. júlí 2010.

Hinn 20. ágúst 2010 sendi stefnandi embætti ríkislögmans kröfubréf. Krafdiist hann bóta, annars vegar vegna áfallins málskostnaðar og innheimtu launa að fjárhæð 1.597.367 krónur og hins vegar miskabóta að fjárhæð 3.900.000 krónur.

Stefndu kveða rannsókn á skattskilum Stoða hf., áður FL Group hf., á lokastigi og liggi fyrir skýrsla um rannsóknina, sem félaginu hafi verið send, stefnanda og öðrum sakborningum í málinu, til andmæla hinn 28. júní 2010. Andmæli stefnanda hafi borist Skattrannsóknarstjóra hinn 12. júlí 2010. Til standi að senda lokaskýrslu málsins út innan fárra daga að teknu tilliti til andmæla eftir því sem ástæða þyki til. Réttarstaða stefnanda hafi ekki breyst undir rannsókn málsins. Hann hafi enn réttarstöðu sakbornings.

Málsástæður stefnanda og lagarök

Dómkröfu sína byggir stefnandi á því að kyrrsetningargerð sú sem stefndi, Tollstjórinn, krafðist að gerð yrði á eignum stefnanda hafi byggst á 6. og 7. mgr. 113. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, sbr. lög nr. 23/2010 (tsl.), en hér hafi í fyrsta sinn reynt á nýmæli í lögum sem gangi mjög nærri meginreglum réttarríkisins. Við setningu laga nr. 23/2010 hafi viðkomandi yfirvöld, þ.e.a.s. stefndu Tollstjóri og Skattrannsóknarstjóri, sérstaklega verið vöruð við því af löggjafanum að beita ákvæðinu af meðalhófi og skynsemi þar sem misbeiting þess hefði mjög alvarleg áhrif á hag þess sem kyrrsetningunni væri beint að auk annarra

sem óbeint yrðu fyrir tjóni af henni.

Í nefndaráliti efnahags- og skattanefndar Alþingis, sbr. þskj. 868 á 138. löggjafarþingi, sé hnykkt á því að stefndi, Tollstjóri, meti sjálfstætt hvort tilefni sé til að fara með kyrrsetningarbeiðni fyrir sýslumann. Nefndin hafi, auk annars, lagt áherslu á að kyrrsetning stæði ekki lengur yfir en brýna nauðsyn bæri til. Þá hafi nefndin tekið eftirfarandi fram í nefndaráliti sínu : „Innan nefndarinnar hafa að teknu tilliti til sjónarmiða um réttláta málsmeðferð sakborninga og friðhelgi eignarréttarins komið fram skiptar skoðanir um hversu víðtækar heimildir opinberir valdhafar eigi að hafa til að tryggja endurheimt verðmæta sem grunur leikur á að skattgreiðendur hafi tileinkað sér með ólögmætum hætti, sérstaklega gagnvart hinum smærri sem standa oft höllum fæti. Kyrrsetning eigna getur haft mjög alvarleg áhrif á rekstur þeirra. Viðmælendum nefndarinnar bar saman um að kyrrsetning eigna er íþyngjandi þvingunarúrræði sem beita ber af sérstakri varúð, ekki síst þegar hún beinist að aðila sem ber ábyrgð á skattgreiðslum en er sjálfur ekki til rannsóknar.“

Fyrir liggi að stefndu, Skattrannsóknarstjóri og Tollstjóri, hafi gert óvenju róttæka aðför að stefnanda og fjárhagslegri afkomu fjölskyldu hans sem sé ólögmæt. Þessi aðför hafi vakið mikla athygli og fjölmiðlaumræðu um ein viðkvæmustu einkamál hvers manns, þ.e.a.s. fjárhagslega stöðu hans. Til að auka á ólögmætið hafi frétt um kyrrsetninguna verið lekið til fjölmiðla af hálfu stefndu, Skattrannsóknarstjóra eða Tollstjóra, því hafi stefnanda fyrst borist fréttir af þessu frá fjölmiðlum. Slík vinnubrögð séu ámælisverð að mati stefnanda. Beri stefndu sönnunarbyrði fyrir því að þessi leki sé ekki frá þeim kominn því engum öðrum aðila sé til að dreifa sem vitneskju hafði um að kyrrsetning væri í bígerð.

Þessu til viðbótar hafi fjölmiðlar fjallað mikið um þetta mál, oft þannig að sneitt sé að fjárhagslegri stöðu stefnanda.

Stefnandi telur engum vafa undirorpið að stefndu hafi bakað sér bótaskyldu með framangreindum aðgerðum og afleiðingum þeirra enda ólögmætar með öllu eins og staðfest sé með fyrrgreindum hæstaréttardómi. Aðgerðir stefndu hafi einnig verið saknæmar. Stefndi, Tollstjóri, hafi gerst sekur um ásetning eða stórfellt gáleysi, með því að leggja fram ólögmæta kyrrsetningarbeiðni og hið sama gildir um stefnda, Skattrannsóknarstjóra. Sá síðarnefndi beri einnig húsbóndaábyrgð á upplýsingaleka. Stefndi, íslenska ríkið, beri einnig ábyrgð á ólögmætum gerðum þessara tveggja embætta, sem og Sýslumannsins í Reykjavík.

Ekki verði betur séð en að stefnandi hafi verið gerður að blóraböggli í máli þar sem ætlun stefndu, Skattrannsóknarstjóri, og Tollstjóri, virðist hafa verið að svara kalli í opinberri umræðu um kyrrsetningu á eignum auðmanna, en þar sé vísað til þeirrar umræðu sem uppi sé í þjóðfélaginu eftir bankahrunið haustið 2008. Á þeirri vegferð hafi öllum réttarreglum verið vikið til hliðar, bæði stjórnsýslulögum en ekki síður skattalögunum sjálfum. Þessu til stuðnings megi benda á viðtal við Skattrannsóknarstjóra ríkisins þar sem hann segi m.a. „Bryndís segir löggin ekki ná markmiði sínu, sem var að kyrrsetja eignir þeirra sem komu að bankahruninu.“ Hér verði að gera alvarlegar athugasemdir við málflutning stjórnvalda. Stefnandi mótmæli því að vera samsamað við óskilgreindan hóp þeirra „sem komu að bankahruninu“ eða að vera talinn í hópi auðmanna. Nánar vísist um þetta til framlagðra gagna í málinu.

Fyrirliggjandi sé ótvíræð sönnun um ólögmæti kyrrsetningargerðar þeirrar sem stefndi, Tollstjóri, krafðist að gerð yrði á öllum eignum stefnanda og fram fór hinn 30. apríl 2010. Af þessu hafi hlotist mikið tjón fyrir stefnanda, bæði vegna lögmanskostnaðar, sem hann hafi einvörðungu að litlu leyti fengið bættan, og af öðru beinu fjárhagstjóni hans. Skaðabótakrafa þessi sé byggð á 42. gr. laga nr. 31/1990, um kyrrsetningu, lögbann ofl., sbr. sérstaklega 1. sbr. 4. mgr. Sökum þess að erfitt sé að sanna fjárhæð hins fjárhagslega tjóns, annars en lögmanskostnaðar, sé gerð krafa um að skaðabætur verði dæmdar að álitum, eins og greinin heimili. Um frekari rökstuðning bótakröfu sé vísað til framlagðra greinargerða og annarra gagna sem stefnandi leggi fram í máli þessu. Öll skilyrði þess að fella skaðabótageiðslu á stefndu séu fyrir hendi.

Þá er einnig ljóst að hin ólögmæta kyrrsetningargerð hafi valdið stefnanda miklum miska, m.a. hugarangri og verið fjölskyldu hans þungbær. Í 42. gr. laga nr. 31/1990 sé mælt fyrir um að gerðarþola, sem sé stefnandi í þessu tilviki, skuli bættur sá miski sem telja má að gerðin hafi valdið.

Vegna umfjöllunar í fjölmiðlum í aðdraganda kyrrsetningargerðar sem getið sé hér að framan byggir stefnandi á því að stefndu hafi brotið gegn almennum skaðabótareglum og þar með valdið honum beinu fjárhagstjóni. Hann krefst þess því til viðbótar að honum verð verði greiddar miskabætur vegna ólögmætrar meingerðar gegn persónu sinni, sbr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Skilyrði b-liðar 1. mgr. þessarar greinar skaðabótalaga séu þau að heimilt sé að láta þann sem ber ábyrgð á ólögmætri meingerð greiða miskabætur til þess sem misgert er við. Stefndu hafi brotið lög og í því felist ólögmæti og meingerð gagnvart stefnanda. Því séu skilyrði b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga uppfyllt, sem og skilyrði skaðabótaskyldu stefndu.

Stefndi, íslenska ríkið, beri ábyrgð á gerðum stefndu, Tollstjóra og Skattrannsóknarstjóra ríkisins, auk gerða Sýslumannsins í Reykjavík. Þannig byggi kröfugerð stefnanda um skaða- og miskabætur bæði á 42. gr. laga nr. 31/1990 og hinni almennu skaðabótareglu, sbr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, auk reglunnar um húsbóndaábyrgð, varðandi allar málsástæður stefnanda.

Varakrafa sé gerð ex tuto og byggi að öllu leyti á sömu málsástæðum og aðalkrafa að því undanskildu að henni sé ekki beint að Skattrannsóknarstjóra ríkisins.

Vísað sé til meginreglna skaðabótaréttar og hinnar almennu skaðabótareglu auk húsbóndaábyrgðar, laga um kyrrsetningu, lögbann o.fl., nr. 31/1990, stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, sbr. lög nr. 23/2010, og

skaðabótalaga, nr. 50/1993.

Dráttarvaxtakrafa stefnanda styðjist við ákvæði laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, sbr. sérstaklega 1. mgr. 6. gr. svo og 9. gr.

Málskostnaðarkrafa stefnanda styðjist við 1. mgr. 130. gr., sbr. 3. mgr. 129. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

Málsástæður stefndu og lagarök

Í greinargerð sinni benda stefndu á að málatilbúnaður stefnanda samrýmist varla d- og e- liðum 1. mgr. 80. gr., sbr. 100. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála í þessum efnum. Stefndu hafi átt í erfiðleikum með að rekja saman dómkröfur stefnanda um bætur og miska og framsetningu þeirra í meginmáli stefnu, en þar ægir öllu saman, málavöxtum, málsástæðum og lagarökum. Þá sé í stefnu vísað til framlagðra skjala varðandi sundurliðun bótakröfu, en stefndi hafi ekki fundið slíka sundurliðun, þrátt fyrir ítarlegan lestur þeirra skjala sem stefnandi leggi fram. Þá sé dómkrafa stefnanda um skaðabætur vegna málskostnaðar að hluta til dæmd og komi því ekki til frekari úrlausnar vegna res judicata áhrifa, samkvæmt 2. mgr. 116. gr. laga um meðferð einkamála.

Stefndu færa eftirfarandi rök fyrir sýknukröfu sinni:

Í máli þessu liggja fyrir dómur Hæstaréttar Íslands, uppkveðinn þann 21. júní 2010, í máli nr. 372/2010, Tollstjórinn í Reykjavík gegn stefnanda, þar sem staðfestur hafi verið úrskurður héraðsdóms þar sem felld var úr gildi ákvörðun sýslumanns um að krafa Tollstjórans í Reykjavík um kyrrsetningu á eignum stefnanda næði fram að ganga. Aðilar málsins séu stefnandi og Tollstjórinn í Reykjavík. Stefndi hafi stefnt íslenska ríkinu, Tollstjóranum í Reykjavík og Skattranssóknarstjóra ríkisins til greiðslu skaðabóta vegna gerðarinnar.

Stefndi Skattranssóknarstjóri ríkisins hafi ekki verið aðili að kyrrsetningargerð þeirri sem stefnandi byggir bótakröfu sínar á. Beri því að sýkna hann af öllum kröfum stefnanda, sökum aðildarskorts, samkvæmt 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Verði ekki fallist á sýknukröfu stefnda, Skattranssóknarstjóra ríkisins, vegna aðildarskorts, byggir hann sýknukröfu sína á því að hann hafi farið að lögum og gætt meðalhófs í störfum sínum. Kyrrsetningarkrafan hafi verið sett fram að gættum lagaskilyrðum og áralangri lagatúlkun skattyfirvalda. Skattranssóknarstjóri hafi lagt fram beiðni um að Tollstjórinn í Reykjavík framkvæmdi kyrrsetninguna með vísan til ákvæða 6. og 7. mgr. 113. gr. laga nr. 90/2003, sbr. lög 23/2010 um tekjuskatt, enda hafi hann litið svo á að þau ákvæði tækju einnig til ætlaðra brota á virðisaukaskattslögum, sbr. m.a. tilvísun 5. mgr. 49. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt til laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Í framkvæmd hafi og verið litið svo á að málsmeðferðarreglur skattsýslunnar væri fyrst og fremst að finna í þeim lögum. Tilgangurinn með slíkri tilvísun sé m.a. sá að koma á samræmdum reglum að þessu leyti á sviði skattaréttar, enda til einföldunar og hagræðis.

Yfirskattanefnd hafi í úrskurði nr. 9/2004 túlkað almenna tilvísun til laga um tekjuskatt (og eignaskatt) í 5. mgr. 49. gr. laga nr. 50/1998 um virðisaukaskatt þannig að ef ekki sé sérstök ákvæði í lögum nr. 50/1988 fari um þau samkvæmt lögum um tekjuskatt, eftir því sem við á. Úrskurðurinn sé birtur á heimasíðu nefndarinnar.

Í nefndaráliti efnahags- og skattanefndar, um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt, með síðari breytingum (kyrrsetning eigna) komi fram að í frumvarpinu sé lagt til að Skattrannsóknarstjóra verði veittar sams konar heimildir og lögregla hefur samkvæmt 88. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála til að óska kyrrsetningar eigna við rannsókn skattsvika eða annarra refsiverðra skattalagabrota í þeim tilgangi að tryggja greiðslu skattkrafna og fésektarkrafna sem sennilegt sé að rannsókn leiði í ljós. Frumvarpið hafi verið lagt fram vegna hættu á að aðilar sem eiga yfir höfði sér skattkröfur og fésektir vegna gruns um refsiverð skattalagabrot skjóti undan eignum sínum á meðan á rannsókn mála þeirra stendur.

Stefndi fái ekki séð að vilji löggjafans hafi takmarkast við skattalagabrot vegna laga um tekjuskatt einvörðungu, heldur til skattalagabrota almennt. Með vísan til þess sem að framan greini telji stefndi, Skattrannsóknarstjóri ríkisins, að hann hafi í störfum sínum ekki farið út fyrir gildandi lagaramma, þ.e. að þar sem löggjafinn hafi ekki séð ástæðu til að setja kyrrsetningarheimildir í önnur skattalög en tekjuskattslögin, hafi hann réttilega mátt ætla að fyrri túlkun skattyfirvalda á efnisákvæði 5. mgr. 49. gr. laga 50/1988 væri í fullu gildi og kyrrsetningin því heimil á þeim grunni. Stefndi, Skattrannsóknarstjóri ríkisins, hafi því ekki sýnt af sér neina saknæma háttsemi, heldur þvert á móti vandað til málsmeðferðarinnar.

Stefndi vilji vekja athygli á því að í stefnu er því slegið fram að stefndi, íslenska ríkið, beri ábyrgð á ólögumætum gerðum Sýslumannsins í Reykjavík, án þess að þar sé að finna neina útlitun á því í hverju sú háttsemi sé fölgín. Sýslumanninum í Reykjavík hafi ekki verið stefnt til að þola dóm í máli þessu. Mótmæli stefndi því sem röngu, órökstuddu og ósönnuðu að Sýslumaðurinn í Reykjavík hafi valdið stefnanda bótaskyldu tjóni.

Stefndu, Skattrannsóknarstjóri ríkisins og Tollstjórinn í Reykjavík, mótmæla þeim ávirðingum sem stefnandi skenkir þeim í stefnu, s.s. að þeir hafi gert óvenju róttæka aðför að stefnanda og fjárhagslegri afkomu hans, sem og því að stefnandi hafi verið gerður að blóraböggli í máli þar sem ætlun stefndu virðist hafa verið að svara kalli í opinberri umræðu um kyrrsetningu á eignum auðmanna. Þessum ummælum í stefnu sé mótmælt sem röngum, órökstuddum og ósönnuðum. Þá sé því mótmælt sem segir í stefnu að í dómi Hæstaréttar Íslands í máli nr. 372/2010 liggja fyrir að um ólögmetta meingerð af hálfu stefndu gagnvart stefnanda hafi verið að ræða. Í dómi réttarins sé enga slíka tilvísun að finna.

Stefndu mótmæli skaðbótakröfu og miskabótakröfu stefnanda sem órökstuddum og ósönnuðum.

Af stefnu megi ráða að stefnandi byggji bótakröfu sína á þriðþættum grunni. Í fyrsta lagi á grundvelli 42. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o.fl. Í öðru lagi á grundvelli almennu sakarreglunnar og reglunnar um húsbóndaábyrgð. Í þriðja lagi krefst hann miskabóta samkvæmt b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabotalaga nr. 50/1993 vegna umfjöllunar fjölmiðla í aðdraganda kyrrsetningargerðarinnar.

Stefnandi skilgreini fjárhagslegt tjón sitt á bls. 4 í stefnu og sé bótakrafa hans grundvölluð á 42. gr. laga nr. 31/1990. Megi ráða að tjónið samanstandi annars vegar af lögmannskostnaði sem stefnandi hafi þurft að greiða umfram þann

málskostnað sem hann hafi fengið úrskurðaðan í Héraðsdómi Reykjavíkur þann 2. júní 2010 og fyrir Hæstarétti þann 21. júní 2010 og hins vegar af öðru beinu fjárhagstjóni hans, óskilgreindu, sem sé ósannað. Þá sé ekki gerð grein fyrir því í hverju meint tjón hans sé fólgið, né hver tengsl þess séu við atvik málsins. Sönnunarbyrðin um bótaskilyrðin hvíli á stefnanda.

Stefndu mótmæli kröfu um lögmannskostnað með vísan til 116. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála þar sem afstaða til hennar hafi verið tekin af æðri dómstól og þar ákveðið hver hæfilegur málskostnaður úr hendi stefndu ætti að vera. Stefndu hafi greitt stefnanda tildæmdan málskostnað. Sýkna beri stefndu af greiðslu frekari bóta til stefnanda vegna lögmannskostnaðar hans þar sem þeirri kröfu, um greiðslu málskostnaðar, hafi endanlega verið ráðið til lykta með dómi.

Kröfu stefnanda um greiðslu bóta vegna annars beins fjárhagstjóns, sem stefnandi virðist styðja við 1. sbr. 4. mgr. 42. gr. laga nr. 31/1991, sé mótmælt sem órökstuddu og ósönnuðu. Þessi krafa sé með öllu ósönnuð og hafi stefnandi ekki lagt fram nein gögn henni til stuðnings og sé stefnda ógerlegt að átta sig á forsendum hennar. Af lagaákvæðinu sjálfu megi ráða að sönnun um fjárhagslegt tjón sé forsenda þess að heimilt sé að dæma bætur að álitum. Stefndi hafi hvorki sýnt fram á neitt fjárhagslegt tjón, umfram fyrrgreindan málskostnað, né reifað í hverju það sé fólgið, hvað þá stutt meint tjón sitt gögnum. Stefndi hafi ekki sannað fjártjón sitt og beri því að sýkna stefndu af öllum slíkum kröfum.

Verði ekki fallist á sýknukröfu stefndu á framangreindum grundvelli byggja stefndu sýknukröfu sína á 4. mgr. 42. gr. laga nr. 31/1991 um kyrrsetningu, en þar komi fram að gerðarbeiðandi skuli bæta tjón með þeim hætti sem greinir í 1. mgr. ef talið verður að ekki hafi verið tilefni til gerðarinnar. Stefndu telja að fullt tilefni hafi verið til gerðarinnar hjá stefnanda. Skattransóknarstjóri ríkisins hafi rökstuddan grun um að stefnandi hafi gerst sekur um refsiverða háttsemi samkvæmt 1. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, sbr. 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ætluð brot hans felist m.a. í að staðin hafi verið skil á efnislega röngum virðisaukaskattskýrslum fyrir hönd FL Group hf., nú Stoða hf., með því að vanframtelja virðisaukaskatt af aðkeypti þjónustu erlendis frá. Telji Skattransóknarstjóri ríkisins að refsing stefnanda vegna brotanna verði sekt að lágmarki 90 milljónum króna. Skattransóknarstjóri hafi farið þess á leit við Tollstjóra að kyrrsetningin yrði framkvæmd til tryggingar væntanlegri sekt. Fullt tilefni hafi því verið til gerðarinnar, enda fyrirliggjandi rökstuddur grunur um skattalagabrot. Kyrrsetningarbeiðni Skattransóknarstjóra hafi einungis falið í sér einn anga umfangsmikillar rannsóknar og refsivörslu vegna ætlaðra skattalagabrota stefnanda.

Stefndi, Tollstjórinn í Reykjavík, byggi sýknukröfu sína á því að honum sé ekki ætlað að meta réttmæti væntanlegrar skattkröfu, eins og berlega komi fram í framlögðu nefndaráliti efnahags- og skattanefndar Alþingis. Skattransóknarstjóri ríkisins annist rannsókn á ætluðum brotum skattaðila og þeirra sem ábyrgð bera á skattskilum þeirra. Fyrir liggur að Skattransóknarstjóri ríkisins hafi rökstuddan grun um að stefnandi hafi gerst sekur um refsiverða háttsemi samkvæmt 1. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, sbr. og 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Tollstjóra sé ætlað að meta hvort krefjast eigi kyrrsetningar með hliðsjón af eignastöðu þess sem krafan beinist gegn og á hvaða eignum krefjast eigi kyrrsetningar, en honum sé ekki ætlað að taka efnislega

afstöðu til réttmæti væntanlegar skattkröfu. Endanleg ákvörðun um það hvort farið er fram á kyrrsetningu eigna sé því í höndum Tollstjóra en frumkvæðið komi frá Skattrannsóknarstjóra. Stefndi, Tollstjórinn í Reykjavík, hafi farið að lögum og gætt meðalhólfis og vandaðra stjórnsýsluhátta við framkvæmd kyrrsetningarinnar og beri því að sýkna hann af öllum kröfum stefnanda.

Ekki verði séð að stefnandi hafi mátt þola andlega þjáningu og miska vegna lögmætra aðgerða Skattrannsóknarstjóra ríkisins í því skyni að upplýsa stórfelld skattalagabrot, eða aðgerða Tollstjórans í Reykjavík við að framkvæma kyrrsetningu til að tryggja greiðslu væntanlegrar sektar vegna meintra skattalagabrota. Aðgerðir stefndu hafi verið innan ramma þeirra laga og reglna sem þeir starfi samkvæmt og hafi meðalhólfis verið gætt. Stefndi telji engin skilyrði miskabóta uppfyllt, hvorki samkvæmt 42. gr. laga nr. 31/1990 né samkvæmt b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

Stefnandi sæti rannsókn Skattrannsóknarstjóra, vegna meintara skattsvika Stoða hf., áður FL Group hf., sem hafi verið almenningshlutafélag undir stjórnarformennsku stefnanda. Þær ávirðingar sem stefnanda eru gefnar að sök séu tíundaðar í skýrslu Skattrannsóknarstjóra vegna yfirheyrslu yfir stefnanda 22. júní 2009. Stefnandi hafi enn réttarstöðu sakbornings og sé rannsóknin á lokastigi. Kyrrsetningargerðin hafi verið þáttur í refsivörslu Skattrannsóknarstjóra. Refsimálið sé enn óútkljáð og því ekki forsendur til að beita b-lið 26. gr. skaðabótalaga, þar sem í dómaframkvæmd hafi verið miðað við að máli hafi verið lokið með niðurfellingu rannsóknar, saksóknar eða með sýknudómi.

Stefndu telja koma til greina að sýkna stefndu að svo stöddu, þar sem skattrannsókn á hendur stefnanda sé ekki lokið.

Stefndu mótmæli því sem röngu og ósönnuðu að starfsmenn stefndu eigi einhvern þátt í því að frétt um kyrrsetninguna hafi borist til fjölmiðla í aðdraganda hennar. Þessi fullyrðing stefnanda sé úr lausu lofti gripin og eigi sér enga stöð. Af stefnu megi ráða að stefnandi telji ólögmæta meingerð gegn persónu sinni aðallega felast í þeirri athygli sem fjölmiðlar hafi sýnt máli hans. Hafi þeir oft sneitt að fjárhagslegri stöðu stefnanda og haft hann að háði. Stefnðu byggi sýknukröfu sína á því að þeir séu ekki réttir aðilar að bótakröfu stefnanda vegna ummæla fjölmiðla. Stefnðu beri ekki ábyrgð á umfjöllun fjölmiðla og sé hún ekki á ábyrgð ríkissjóðs. Þá vilji stefndu taka það fram að upplýsingar um bága fjárhagsstöðu stefnanda eru ekki frá stefndu komnar, heldur frá stefnanda sjálfum, sbr. endurrit úr gerðabók Sýslumannsins í Reykjavík, þar sem haft sé eftir stefnanda að fjárhagsstaða hans sé mjög slæm, hann sé án atvinnu og með miklar veðskuldir.

Að virtu öllu framangreindu telji stefndi að sýkna beri hann af öllum kröfum stefnanda.

Verði ekki fallist á sýknukröfu stefndu mótmæla stefndu fjárhæð skaðabóta og miskabótakröfu stefnanda sem of háum. Stefnðu telji að lækka beri stefnukröfur verulega með vísan til dómaframkvæmdar, þar sem bætur hafi verið ákvarðaðar miklum mun lægri en kröfur stefnanda hljóða um.

Dráttarvaxtakröfu stefnanda sé mótmælt. Stefnandi hafi boðað ýmiss konar kröfur um bætur frá uppkvaðningu dóms Hæstaréttar í kyrrsetningarmálinu. Kröfugerð í

stefnu hafi ekki verið kynnt fyrir stefndu áður og telji stefndu því að miða beri dráttarvexti við dómsuppsögu. Þá hafi stefnandi ekki lagt fram nein gögn sem styðji bótakröfu hans og sé því skilyrðum 9. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu ekki fullnægt.

Stefndu vísi til áðurgreindra lagaraka er varða sýknukröfu. Krafa um málskostnað styðst við 130. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Niðurstaða

Hinn 11. nóvember 2008 hóf Skattrannsóknarstjóri ríkisins rannsókn á bókhaldi og skattskilum Baugs Group hf., nú Stoða hf., vegna rekstrartímabilsins 2005 til og með desember 2007. Stefnandi var stjórnarformaður félagsins á þessum tíma. Vegna rannsóknarinnar var stefnandi boðaður til skýrslutöku hjá Skattrannsóknarstjóra ríkisins. Við skýrslutökuna var hann upplýstur um að hann hefði stöðu sakbornings. Með bréfi, dags. 15. apríl 2010, til Tollstjóra upplýsti Skattrannsóknarstjóri um yfirstandandi rannsókn og óskaði eftir því að Tollstjóri hlutaðist til um að eignir stefnanda yrðu kyrrsettar. Taldi Skattrannsóknarstjóri rökstuddan grun vera fyrir hendi um að stefnandi hefði gerst sekur um refsiverða háttsemi samkvæmt 1. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, sbr. og 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga. Töldust ætluð brot m.a. felast í því að stefnandi hefði staðið skil á efnislega röngum virðisaukaskattsskýrslum fyrir hönd Stoða hf. Taldi Skattrannsóknarstjóri refsingu við slíku broti vera sekt er næmi að lágmarki 90.000.000 króna. Var kyrrsetningunni ætlað að tryggja greiðslu sektar og koma í veg fyrir undanskot eigna.

Með kyrrsetningarbeiðni, dags. 27. apríl 201, setti stefndi, Tollstjóri, fram hjá Sýslumanninum í Reykjavík kröfu um kyrrsetningu á eignum stefnanda á grundvelli 6. og 7. mgr. 113. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt, sbr. ákvæði laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o.fl. Sýslumaður féllst á beiðni Tollstjóra og fór kyrrsetningargerðin fram 30. apríl 2010.

Með beiðni til Héraðsdóms Reykjavíkur hinn 4. maí 2010 var gerð krafa af hálfu stefnanda um að kyrrsetningargerðin yrði felld úr gildi. Með úrskurði sínum 2. júní 2010 féllst Héraðsdómur á kröfu stefnanda þar sem talið var að kyrrsetningarheimild í 6. mgr. 113. gr. laga um tekjuskatt væri ekki fullnægjandi heimild til kyrrsetningar vegna meintrar refsiverðrar háttsemi samkvæmt 1. mgr. 40. gr. laga 50/1988 um virðisaukaskatt. Með dómi Hæstaréttar Íslands uppkveðnum 21. júní 2010 var niðurstaða héraðsdóms staðfest og felld úr gildi ákvörðun Sýslumannsins í Reykjavík um kyrrsetningu á eignum stefnanda.

Í máli þessu beinir stefnandi kröfum sínum að íslenska ríkinu, Tollstjóra og Skattrannsóknarstjóra ríkisins. Krefst hann skaðabóta og miskabóta vegna ólögmatrar kyrrsetningar á eignum sínum og byggir kröfurnar á 1. mgr. 42. gr. laga nr. 31/1991 og 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

Eins og rakið hefur verið var Skattrannsóknarstjóri ríkisins ekki aðili að kyrrsetningargerð þeirri sem stefnandi byggir bótakröfur sínar á. Ber því þegar af þeim sökum að sýkna hann af kröfum stefnanda á grundvelli aðildarskorts, sbr. 2.

mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991.

Í 1. mgr. 42. gr. laga nr. 31/1991 segir að falli kyrrsetning, löggeymsla eða lögbann niður vegna sýknu af þeirri kröfu, sem gerðinni var ætlað að tryggja, þá skal gerðarbeiðandi bæta þann miska og það fjártjón, þar á meðal spjöll á lánstrausti og viðskiptahagsmunum, sem telja má að gerðin hafi valdið. Heimilt er að dæma skaðabætur eftir álitum ef ljóst þykir að fjárhagslegt tjón hafi orðið, en ekki er unnt að sanna fjárhæð þess.

Fyrir liggur að ákvörðun Sýslumannsins í Reykjavík um kyrrsetningu á eignum stefnanda var felld úr gildi vegna ófullnægjandi lagaheimildar. Ljóst er, sbr. það sem áður er rakið, að stefnandi sætir rannsókn Skattrannsóknarstjóra vegna meintra skattsvika Stoda hf. þar sem stefnandi sat sem stjórnarformaður. Telja verður að kyrrsetningargerðin hafi verið þáttur í refsivörslu Skattrannsóknarstjóra en ekki tilefnislaus aðför að stefnanda eða ólögmat meingerð í hans garð eins og haldið er fram í stefnu. Ekkert í áður tilvitnuðum dómi Hæstaréttar gefur slíkt til kynna.

Stefnandi krefst skaðabóta að fjárhæð 5.000.000 króna vegna meints fjártjóns. Stefnandi hefur sönnunarbyrðina fyrir því að hann hafi orðið fyrir fjártjóni sem leiða megi af umræddri kyrrsetningargerð. Í stefnu segir að stefnandi hafi orðið fyrir fjártjóni vegna lögmannskostnaðar sem hann hafi aðeins að litlu leyti fengið bættan. Að öðru leyti gerir stefnandi ekki grein fyrir meintu fjártjóni sínu í stefnu.

Gögn sem stefnandi hefur lagt fram á dskj. 34-35, vegna lögmannskostnaðar, bera með sér að þau eru til komin vegna kyrrsetningarmálsins. Fyrir liggur að í kyrrsetningarmálinu var stefnanda tildæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti sem samtals nam 500.000 krónum. Hefur stefnandi þegar fengið þann kostnað greiddan og eru því ekki efni til að fallast á frekari kostnað vegna málsins. Reikningur, dags. 16. maí 2011, virðist lúta að málskostnaði vegna þessa máls og tekur því ekki til kostnaðar vegna kyrrsetningarmálsins sem hér er til umfjöllunar.

Samkvæmt framansögðu hefur stefnandi ekki getað sýnt fram á það í málinu að hann hafi orðið fyrir fjártjóni vegna kyrrsetningargerðarinnar og ber því að sýkna stefndu af kröfu hans um skaðabætur vegna þess.

Rökstuðningur stefnanda fyrir miskabótakröfu er nokkuð óljós. Byggir stefnandi bæði á 1. mgr. 42. gr. laga nr. 31/1990 og 26. gr. skaðabótalaga. Misbætur á grundvelli 1. mgr. 42. gr. laga nr. 31/1990 virðast byggjast á því að kyrrsetningargerðin hafi valdið stefnanda hugarangri og mikið álag hafi verið á fjölskyldu hans vegna málsins. Þá hefur stefnandi bent á að kyrrsetningin var árangurslaus að hluta og gat því verið grundvöllur gjaldþrotaskipta. Hann sé viðskiptafræðingur frá HÍ með framhaldsnám í stefnumótun og stjórnun fyrirtækja frá Bandaríkjunum. Honum sé því sérstaklega mikilvægt að hafa forræði á búi sínu þar sem þau störf sem hann hafi haft á hendi og sinni enn geri kröfu til þess að hann hafi forræði á búi sínu.

Bætur á grundvelli 26. gr. skaðabótalaga virðast byggjast á því að stefnandi hafi orðið fyrir ólögmatrí meingerð af hálfu stefndu vegna umfjöllunar um málið í fjölmiðlum sem stefnandi telur stefndu bera ábyrgð á.

Eins og áður er rakið sætir stefnandi rannsókn Skattrannsóknarstjóra vegna meintra skattsvika Stoða hf. þar sem stefnandi sat sem stjórnarformaður. Ekki er fallist á að í beiðni um kyrrsetningu á eignum stefnanda hafi falist brot á skaðabótareglum eða í því hafi falist ólögmat meingerð gegn persónu stefnanda heldur hafi, þrátt fyrir niðurstöðu kyrrsetningarmálsins, verið um að ræða eðlilegan þátt í þeirri rannsókn sem enn stendur yfir og er ekki lokið. Með öllu er ósannað að starfsmenn stefndu hafi lekið upplýsingum til fjölmiðla eða átt þátt í því að frétt um kyrrsetninguna hafi borist til fjölmiðla í aðdraganda hennar. Eins og atvikum háttar í máli þessu þykja ekki efni til þess að fallast á kröfu stefnanda um miskabætur, hvorki samkvæmt 1. mgr. 42. gr. laga nr. 31/1990 né samkvæmt 26. gr. skaðabótalaga.

Samkvæmt framansögðu ber því að sýkna stefndu af kröfum stefnanda í málinu.

Eftir atvikum þykir rétt að hver aðila beri sinn kostnað af málinu.

Kristjana Jónsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð

Stefndu, íslenska ríkið, Tollstjóri og Skattrannsóknarstjóri ríkisins, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Skarphéðins Berg Steinarssonar.

Málskostnaður fellur niður.

Kristjana Jónsdóttir